

## Samþykkt um fjölda bílastæða innan lóða í Stykkishólmi

1. Skipulags- og byggingarnefnd skal notast við neðangreind viðmið bílastæða innan lóðar við útgáfu byggingarleyfa vegna breyttrar notkunar húsnæðis í Stykkishólmi þar sem gildandi deiliskipulag er ekki til eða er með skýra skilmála í bílastæðamálum í hverju erindi fyrir sig.
  - 1 stæði pr. hverja 80m<sup>2</sup> fyrir hótél yfir 300m<sup>2</sup>.
  - 1 stæði pr. hverja 50m<sup>2</sup> á atvinnu og þjónustusvæði (veitingastaðir, verslanir, skrifstofur eða sambærilegt).
  - 1 stæði pr. hverja 35m<sup>2</sup> í gistiheimilum, gistihúsum, gistiskálum, hótélum undir 300m<sup>2</sup> eða sambærilegu. Ef fasteign í þessum flokki er undir 500m<sup>2</sup> skal uppfylla auka kröfu um 1 stæði pr. 80m<sup>2</sup> fyrir starfsfólk og eigendur.
  - 1,5 stæði pr. íbúð í fjölbýli.
  - 2 stæði pr. parhús, raðhús eða einbýlishús, ef parhús, raðhús eða einbýli fara yfir 80 m<sup>2</sup> skal miða við 1 stæði pr. hverja 80m<sup>2</sup>.
  - 1 stæði pr. hvert herbergi í heimagistingu (ásamt 1-2. bílastæðum sem tengjast íbúðarhúsinu og eru fyrir eigendur).
  - 1 stæði pr. hverja 150m<sup>2</sup> verksmiðjur, fiskvinnsluhús eða sambærilegt sem þarf mikið vinnslusvæði.
  - Bílastæði hreyfihamlaða skulu vera samkvæmt gildandi byggingarreglugerð.
2. Ef eigandi getur ekki uppfyllt kröfu um fjölda bílastæða getur hann samið um aðrar staðsetningar innan lóða í Stykkishólmi til að uppfylla bílastæðakröfur, en gera skal samning við viðkomandi lóðarhafa og þinglýsa kvöðinni um bílastæði á lóðina. Sú kvöð má ekki koma niður á kröfu um fjölda bílastæða fyrir viðkomandi húsnæði.
3. Ef eigandi getur ekki uppfyllt kröfu um fjölda bílastæða getur hann samið við Stykkishólmsbæ um leigu á bílastæðum annars staðar í Stykkishólmi ef aðstæður leyfa. Greiða skal árgjald samkvæmt gjaldskrá Stykkishólmsbæjar, greitt er gjald pr. hvert bílastæði.

Samþykkt í Bæjarstjórn á fundi 329, 20. apríl 2016

---

Sturla Böðvarsson  
bæjarstjórinn í Stykkishólmi